


Afstöðumynd
mkv. 1:500

## BRUNAVARNALÝSING

1. Viðurkennt rásatengt brunaviðvörunarkerfi er í húsinu skv. reglum Brunamálastofnunar. Brunaviðvörunarkerfi verður í samræmi við staðal ÍST-EN 54. Kerfið er tengt viðurkenndri vaktstöð. Stjórnstöð/Undirstöð ásamt yfirlitsmynd er í anddyri hússins.

2. Staðsetning handslökkvitækja er sýnd á uppdrætti. Gert er ráð fyrir 2 tækjum, eitt er staðsett nálægt eldunarlínu en hitt í veitingasal.

3. Flóttaleiðir úr veitingasal eru annars vegar um aðalinngang á vesturhlið, og hins vegar gegnum eldhús og þaðan um björgunarop á suðurhlið. Björgunarop á suðurhlið verður stækkað og svalir með fellistiga settar við þennan útgang. Flóttaleiðir úr eldhúsi eru annars vegar um björgunarop á suðurhlið, og hins vegar um innganga á vesturhlið hússins (inngangur veitingarýmis og vörumóttaka). Flóttaleiðir eru samkvæmt byggingarreglugerð, einn cm á mann sem nota á flóttaleiðina. Hvergi er lengra en 12 m í útgang eða annað brunahólf.

4. Staðsetning útljósa og neyðarlýsingar er sýnd á uppdrætti.

5. Reykskynjarar sem tengjast stjórnstöð eru í öllum helstu rýmum.

6. Allar klæðningar innanhúss eru í flokki 1 og gólfefni í flokki G. Klæðningar á flóttaleiðum eru í flokki 1.

7. Brunahólf skulu almennt vera a.m.k. EI60 veggir og EI-CS30 hurðir
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R60.
Brunamótstaða burðarvirkis stiga er a.m.k. A-R30.
Hæðaskil eru a.m.k. REI60.

8. Yfir eldavélum, djúpsteikingu og öðrum tækjum þar sem eldhætta er mikil er sjálfvirkt slökkvikerfi (kvoða).

9. Þjónustusamningur er um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfi hússins.
Skoðun á viðurkenndu kerfi skal fara fram a.m.k. árlega.

## LÝSING ERINDIS

Erindið er til komið vegna breytinga á innra skipulagi iðnaðarhúsnæðis við Hrannargötu 6 (áður Ragnars bakarí). Í stað bakarís verður innréttað veislueldhús með afgreiðslurými og veitingaaðstöðu fyrir 28 manns í sæti. Opnunartími veitingarýmis er takmarkaður, en fyrst og fremst er miðað við hádegis-veitingasölu. Gluggar á norðurhlið verða stækkaðir (lengdir) til að hægt sé að njóta útsýnis úr veitingarými. Gróðurhús og sorpgerði verða reist á lóðinni. Teikningar eru byggðar á uppdráttum teiknistofunnar Artik, útgefnum í mars 1992.

Veitingastofan verður skilgreind sem Veitingastaður í flokki 2, þar sem vínveitingar verða umfangslitlar og afgreiðslutími ekki lengri en til kl. 23. Sorpgámar fyrir veislueldhúsið verða staðsettir á afgirtu svæði fremst á lóðinni. Áætlað er að reisa gróðurhús á lóðinni (við hlið sorpgerðis) til að rækta krydd og matjurtir fyrir staðinn.

GESTAFJÖLDI. Áætlaður fjöldi starfsmanna er 6-8 á háannatíma, hámarksfjöldi gesta í veitingasal er áætlaður 28.

VEITINGARÝMI. Veitingasalur að frádregnu afgreiðslurými er 40m2.

ELDHÚS. Eldhúsi er komið fyrir þar sem stórir ofnar voru áður. Yfir eldavélum, djúpsteikingu og öðrum tækjum þar sem eldhætta er mikil verða háfar með sjálfvirku slökkvikerfi (kvoðu).

SNYRTINGAR. Snyrtingar fyrir veitingasal eru 2, önnur þeirra aðgengileg hreyfihömluðum.

RÆSTING. Ræstiaðstaða fyrir veitingasal er staðsett við andyri, nærri snyrtingum. Ræstigeymsla fyrir eldhús er staðsett í þvottarými, en þrifaslanga er miðsvæðis í eldhúsrými, nærri uppvottaaðstöðu.

STARSMANNARÝMI. Aðstaða fyrir starfsmenn (borð, vaskur, kaffivél) er í rými nálægt skrifstofu og inngangi. Þar sem um veitingastað/veislueldhús er að ræða er gert ráð fyrir lítilli eldhúsinnréttingu í starfsmanna-aðstöðu.
Fataskápar og búningsaðstaða starfsmanna, baðaðstaða og starfsmannasnyrting eru staðsett í kjarna milli veitingarýmis og kæla/frysta.

GEYMSLA. Kælar og frystir eru sunnan megin í veislueldhúsi, en við hlið þeirra er língeymsla og lager fyrir búnað og þurrvöru/dósir.

### TÁKN:

- Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu. — EI-60
- Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu. — A-EICS-60
- Rýmingarleið.
- Útljós. — ÚT
- Björgunarop — BO
- Stjórnstöð brunavarnakerfis
- Reykskynjari — R
- Neyðarljós
- Brunaslanga — 30 m
- Handslökkvitæki
- Rýmisnúmer — 01-01
- Lofræst rými — LR
- Gólfniðurfall — GN
- Hitaveita — HV
- Vatnsveita — VV
- Rafmagnsveita — RV
- Aðgengi hjólastóla
- Handlaug — HL
- Borðbúnaðarvaskur — BV
- Áhaldavaskur — ÁV
- Matvælavaskur — MV




Grunnmynd 1.hæðar
mkv. 1:100

KÁRI EIRÍKSSON arkitekt FAÍ - kt: 070365-4059 - VERKSTÆÐI ARKITEKTA ehf
Gunnarssundi 5 - 220 Hfj. - sími: 699 0999 - email: aok@aok.is - www.aok.is

HRANNARGATA 6, REYKJANESBÆ
VEITINGAÞJÓNUSTA SOHO
14/01

AÐALUPPDRÁTTUR
mkv: 1:100/500

grunnmynd, afstöðumynd, byggingarlýsing
0201

hannað: KE
teiknað: KE
dags: 15.júlí.2014

breyting A: 18.08.14 - ítarlegri brunavarnalýsing, breyting á björgunaropi á suðurhl
breyting B:
breyting C:
breyting D:

A2
ATH! Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð.
Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum.
Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar.